

Fundur 13.11.2023 Pyotr Tchaikovsky tónskáld.

Góða kvöldið, komið þið öll blessuð og sæl.

*Já góða kvöldið.*

Minnist ég þess að ævinlega var gerður góður rómur af máli mínu og margir sem fundu fyrir góðum áhrifum er ég kom í sambandið og er það nú langt um liðið síðan það var og hópur ykkar kannski ekki mikið minni en hann var, það var svipað og naut ég þess að tala frá framlífs jörð og reyna að senda ykkur góð áhrif og tala um líf mitt.

Og var það mjög til bóta að ég hafði fylgst með því úr minni stjörnusambandsstöð að aðrir sem störfuðu við sömu iðju og ég, höfðu komið í gegn hjá þeim miðli áður.

Og stefnir hér allt upp á við og vil gjarnan segja frá mér og minni þjóð áfram, er ég nú komin á elleftu framlífs jörðina og menningarástand það sem ríkir á hnetti mínum, allt saman mun betra en það var, á meðan ég var á jörðinni og hafa framfarir í friðarátt og á öðrum sviðum verið miklar og stöðugar.

Man ég eftir því er ég sagði ykkur frá fögru landslagi hnattarins, áður er ég kom á ykkar fund og hversu sannfærður ég er um kenningar dr. Helga Pjeturss.

Aldrei kom ég til ykkar lands, enda var það nú svo að stjörnvöld okkar litu á land okkar sem nokkurs konar miðdepil og gera kannski enn.

Og þar að auki var land ykkar mjög óþekkt flestum þjóðum á þeim tíma, og voru mér þó kunnugar sagnir frá ykkar landi, þannig að ég vissi til þess og var mér sérstaklega hugsað til þess að ég hafði í smíðum verk sem svipaði til sumra verka Wagners og minntu á fornsögur Norðurlanda og byggðust á þeim og ætlaði ég mér því að kynna mér sögu ykkar betur, en endist ekki aldur til þess.

Já hér er fagurt um að litast, fjöll og skógar og gott mannlíf og hef ég komið fram á, hef ég talað á fundum þar sem ykkar gamli miðill starfar enn og segi frá sígildri tónlist.

Hafa æfiskeiðin orðið lengri með tímanum og hentar það mér betur, þar sem ég tek mér langan tíma oft í það að fá innblástur og ég varpa frá mér mörgum hugmyndum og uppbyggingum, en þegar andinn kemur yfir mig, er ég fljótur að vinna að grunn uppbyggingu og koma því frá mér sem mér liggur á hjarta og er það mjög ánægjulegt þegar alþýða manna kann að meta afraksturinn.

Hef ég haft nokkrar áhyggjur af ástandinu í heimalandi mínu, en hef ég ekki síður áhyggjur af þróun mála í öðrum löndum og er mér vel kunnugt um hugtak ykkar, helstefnuna, og var ég ekki búinn að fara á marga framlífs hnetti, þegar ég gerði mér grein fyrir undirstöðu atriðum þessarar merkilegu kenningar og finnst því leitt að hafa ekki heimsótt ykkar land.

En hef ég hlustað á Helga Pjeturss í fjarsambandi í stjörnusambandsstöðvum margsinnis og orðið fróðari og magnaðri á eftir.

Pyotr Tchaikovsky.

*Já já, Rússneskur tónlistarmaður. Heill og sæll. Velkominn.*

Finn hér tengingu við ykkur, hef ég hér, eins og ég hef lýst fyrir mörgum æviskeiðum síðan, fengið lækningu á samkynhneigð og orðinn hamingjusamur fjölskyldufaðir og hef ég einnig vaxandi áhuga á þjóðfélagsmálum og samfélag okkar magnað mjög og vill það verða að gagni meðal þjóðanna og tónlistin lyftir andanum til æðri heima.

Og gladdi það mig mjög þegar ég komst að raun um það, að til er mjög merkileg eðlisfræði kenning út í hinum stóra heimi, sem gengur út frá því að klassísk tónverk feli í sér vísbendingar um stærðfræði formúlur sem síðar eigi eftir að koma í ljós.

Já það er frá ýmsu að segja og vonum við að við getum sent friðar boðskap til núverandi stjórnvalda í Rússlandi og tel ég margt gott í því landi enn þá, en það hefur tekið aðra stefnu en vestræn lönd að mörgu leiti og væri óskandi að sú spenna minnkaði og samskiptin væru meiri og friðsamlegri.

Er ég að vísu ekki mjög pólitískur maður en vona að áhrif mín séu í friðaráttina og hef reynt að viðhafa þeirri stefnu.

Langar mig að spyrja hvort þið hafið spurningar um andlát mitt á jörðinni á sínum tíma?

*Já ég hef nú velt því soldið fyrir mér aðeins. En ég veit ekki hvernig, já.*

*Hvernig bar hann að?*

Ja, það hefur verið haldið að það hafi verið af slysn eða sjálfsmorð eða Keisarinn komið að því og ég get upplýst að það var Keisarinn eða samsæri nálægt honum og Arsenik en ekki Kólera ein.

*Varst þú myrtur sem sagt?*

Já ég hafði fullan hug á að lifa lengur, líferni mitt þótti ekki gott fyrir hirðina og það mátti sjá þess stað í síðustu símfóníu minni að ég var orðinn tregablandinn og óttaðist um líf mitt þar sem komnar voru uppi óánægju raddir og þjóðfélagið þess eðlis, mjög kristilegt.

Já en það var merkileg saga sem gerðist er ég kom á mína fyrstu framlífs jörð og veit ég ekki hvort ég hef sagt ykkur frá því í smá atriðum, en það tók mig tvær og hálfa jarðvist að komast að fullu á rétta framfara braut og hef ég kannski lítið minnst á það, en get reynt að athuga síðar ef ég kemst í sambandið.

Ef hér eru tónlistarþenkjandi menn, vil ég biðja þá að hugsa til mín og kannski ég geti sent þeim góð áhrif og þakka ykkur öllum fyrir gott hljóð og

*Það gengur allt betur hjá þér núna?*

Já, vona að þjóð mín komist á betri framfara braut og finnst mér gott að endurnýja kynnin og koma aftur á þennan íslenska fund, þið sem skiljið að við lifum í efnislegri tilveru.

Verið þið sæl og þakka ykkur fyrir.

*Þakka þér fyrir og vertu blessaður.*